



FLUGSTOÐIR

Ársskýrsla

07

Efnisyfirlit

4	Flugstoðir og starfsemin	12	Fjármála- og stjórnunarsvið
5	Stjórn og stjórnendur	13	Flugvalla- og leiðsögusvið
6	Framtíðarsýn	14	Flugumferðarsvið
7	Gildi	16	Dótturfyrirtæki Flugstoða
8	Skýrsla forstjóra		Flugfjarskipti ehf. (Gannet ATS Com)
10	Skýrsla stjórnar		Flugkerfi hf. (Tern Systems)
		18	Flugtölur og ársreikningur
		20	Flugstoðir ehf.
		28	Flugstoðir ehf. – samstæða



Stjórn og stjórnendur

Stjórn Flugstoða ohf. skipa
Ólafur Sveinsson formaður
Arnbjörg Sveinsdóttir varaformaður
Gunnar Finnsson
Hilmar B. Baldursson
Sæunn Stefánsdóttir

Varamenn stjórnar í sömu röð
Áslaug S. Alfreðsdóttir
Bergþór Ólason
Sigrún Björk Jakobsdóttir

Ritari stjórnar
Anna Dagný Halldórsdóttir

Forstjóri Flugstoða ohf.
Porgeir Pálsson

Framkvæmdastjóri
 flugumferðarsviðs
Ásgeir Pálsson

Framkvæmdastjóri
 flugvalla- og leiðsögu sviðs
Haukur Hauksson

Framkvæmdastjóri
 fjármála- og stjórnunarsviðs
Sigrún Traustadóttir

Framkvæmdastjóri Próunarstofu og
 Flugfjarskipta/Gannet ATS Com
Brandur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri
 Flugkerfi/Tern Systems
Brynjar Örn Arnarson

Flugstoðir og starfsemin

Flugstoðir ohf. eru opinbert hlutafélag og er samgönguráðherra handhafi hlutabréfsins fyrir hönd ríkisins. Við stofnun Flugstoða árið 2006 voru tvö dótturfélög eignuð fyrirtækinu, Flugfjarskipti ehf. (Gannet Com) og Flugkerfi hf. (Tern Systems), sem einnig er í eigu Háskóla Íslands.

Hjá Flugstoðum ohf. starfa um 220 manns, þar af um 60 á flugvöllum utan höfuðborgarsvæðisins. Flugstoðir leggja áherslu á að fyrirtækið hafi jafnan á að skipa hæfu starfslíði með góða menntun og reynslu. Það gerir

fyrirtækið m.a. með því að stuðla að frekari menntun og þjálfun starfsmanna og viðhalda og efla góðan starfsanda og liðsheid.

Við veitum þjónustu í lofti og á jörðu niðri
 Hlutverk Flugstoða er að annast rekstur og uppbyggingu fjórtán áætluðarflugvalla víðs vegar um landið. Þrjú þeirra, flugvellirnir í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, eru varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll og skilgreindir sem alþjóðlegir flugvellir. Þeir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggar flugsamgöngur við landið. Auk þessa sjá Flugstoðir um viðhald og rekstur á 51 lendingarstað, sem þjóna sjúkraflogi, leiguflogi og einkaflugi.

Annað meginhlutverk Flugstoða er að annast alla flugleiðsöguþjónustu, sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug á Norður-Atlantshafi samkvæmt alþjóðlegum samningi á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) auk innanlandsflugs, að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Fyrirtækið hefur þó borið faglega ábyrgð á framkvæmd flugumferðarþjónustu á Keflavíkurflugvelli á sama hátt og Flugmálastjórn Íslands gerði um áratuga skeið. Þá annast Flugstoðir flugumferðarstjórn yfir Grænlandi skv. tvíhliða samningi Danmerkur og Íslands. Flugstoðir sinna einnig flugprófunum í Færeyjum og á Grænlandi og taka að sér margvísleg sérverkefni, s.s. á sviði uppbyggingar flugvalla í öðrum löndum og rekstur flugumferðarþjónustu.



Framtíðarsýn Flugstoða

Viðurkennt þjónustufyrirtæki

Flugleiðsöguþjónusta Flugstoða sé í fararbroddi á Norður-Atlantshafi.

Flugstoðir beri ábyrgð á uppbyggingu og rekstri flugvalla á Íslandi, sem verði í fremstu röð sambærilegra flugvalla í Norður-Evrópu.

Stoðþjónusta fyrirtækisins vegna reksturs og uppbyggingar flugsamgöngukerfisins verði viðurkennd fyrir hæfni, hagkvæmni og öryggi.

Fyrirtækið beri ríka samfélagslega ábyrgð.

Flugsamgöngur í fremstu röð

Flugsamgöngukerfi Flugstoða verði í fremstu röð sambærilegra kerfa í Evrópu og Norður-Ameríku með áherslu á umhverfismál.

Flugvellir og þjónusta þeirra verði til fyrirmyndar.

Flugleiðsöguþjónusta í innanlands- og millilandaflugi nýti nýjustu tækni og vinnuaðferðir við að tryggja flugöryggi og hagkvæmni. Ætíð verði áhersla lögð á umhverfismál í allri starfsemi fyrirtækisins.

Framsækið þekkingarfyrirtæki

Flugstoðir séu þekkingarmiðstöð á sviði flugleiðsöguþjónustu og uppbyggingar og reksturs meðalstórra flugvalla.

Flugstoðir styðji við aukna færni og þekkingu starfsmanna.

Flugstoðir stundi rannsóknir og þróun á sviði flugsamgangna og miðlun þekkingar.

Flugstoðir séu eftirsóttur vinnustaður fyrir fólk sem vill ná árangri í starfi.

Útrás

Flugstoðir taki þátt í uppbyggingu og rekstri flugvalla og flugleiðsöguþjónustu erlendis.

Lausnir Flugstoða og dótturfyrirtækja séu markaðssettar um heim allan.

Flugstoðir séu framsækið og nútímanlegt þjónusta- og þekkingarfyrirtæki.

Flugstoðir séu þjónustufyrirtæki sem nýti þekkingu sína og reynslu á alþjóðavettvangi.

Samlegðaráhrif samstæðunnar séu nýttar til hins ýtrasta.

Sjálfstætt og arðbært hlutafélag

Flugstoðir séu sjálfstætt hlutafélag í arðbærum rekstri, sem geri því kleift að inna hlutverk sitt af hendi af fagmennsku og færni.

Gildi Flugstoða

Flugöryggi

Flugöryggi byggist á því að kröfum um viðurkennda staðla, reglur og verklag sé mætt. Það er leiðarljós í allri flugstarfsemi.

Fagmennska

Fagmennska er samheiti fjölmargra og nauðsynlegra eiginleika starfsmanna og forsenda framúrskarandi árangurs í krefjandi störfum. Gæði, sjálfsagi, nákvæmni, sveigjanleiki, hæfni, reynsla, frumkvæði, stjórnunarhættir, þekkingarleit og stuðningur við vinnufélaga, eru meðal lykilþátta faglegra og eftirsótttra eiginleika starfsfólks.

Virðing

Virðing fyrir viðskiptavinum, samstarfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum er grundvöllur góðrar þjónustu, árangursríkra samskipta og jákvæðs andrúmslofts á vinnustaðnum.

Þjónusta

Rík þjónustulund birtist í þeim eiginleika starfsmanna að leggja sig fram um að mæta óskum, þörfum og væntingum viðskiptavina. Ánægðir viðskiptavinir eru lykill að farsælum og árangursríkum rekstri.

Hagkvæmni

Hagkvæmni felst í nýtingu þeirra auðlinda, sem eru til ráðstöfunar, á sem skilvirkastan hátt.

Árangur

Árangursþörf höfðar til þess eiginleika starfsmanna að sjá og njóta þess árangurs sem hlýst af starfinu og njóta jafnframt viðurkenningar samstarfsmanna og samfélags fyrir vel unnin störf.



Ólafur Sveinsson
formaður

Skýrsla stjórnar Flugstöða ohf. til aðalfundar 2007

Árið 2007 var fyrsta rekstrarár Flugstöða ohf. en 1. janúar færðust formlega yfir þeir rekstrarþættir sem félaginu var falið að yfirtaka frá Flugmálastjórn Íslands. Er þar í meginatriðum um að ræða flugleiðsöguþjónustu og rekstur innanlandsflugvallar-kerfisins.

Á fyrsta aðalfundi Flugstöða 16. apríl 2007 voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Ólafur Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Hilmar B. Baldursson og Gunnar Finnsson.

Tilgangur uppskiptingar Flugmálastjórnar var annars vegar að aðskilja rekstur frá stjórn-sýslu og hins vegar að færa fyrirkomulag rekstrar í það umhverfi að það gæti nýtt betur tækifæri sem þar eru og brugðist við breytingum. Síðastliðið ár var ár aðlögunar, bæði hjá Flugstöðum og samgönguráðuneyti, á sviði samskipta sem eðli máls samkvæmt eru mikil, t.d. vegna þjónustusamnings.

Nýlega hófst vinna við endurskoðun þjónustusamningsins sem gerður var á milli félagsins og ráðuneytisins um rekstur innanlands-samgöngukerfisins. Væntir stjórn Flugstöða að endurskoðunin leiði til nýs samnings á grunni gildandi samnings sem geri félaginu kleift að þróast í þá átt sem best þykir. Brekkurnar hafa verið margar og ekki verður hjá því komist hér að lýsa yfir undrun og vonbrigðum með úrskurð yfirskattanevndar um að félagið sé ekki viðurkennt sem virðis-auskaskattskyldur aðili. Á síðastliðnu ári voru haldnir 24 stjórnarfundir. Fyrirferðarmestu mál stjórnar voru m.a. mótun á störfum og hlutverki stjórnar, stefnumótun og skipulag félagsins, sem eru málefni í sífelldri þróun, samgöngumiðstöð og síðan málefni Reykjavíkurflugvallar og flugleiðsöguþjónustu félagsins á Norður-Atlantshafi.

Í stefnu félagsins er megináhersla lögð á mikilvægi öryggis og starfsmannamála og í vinnsluferli stefnumótunar, sem starfsfólk félagsins tók almennan og virkan þátt í, fékk stjórn skýr skilaboð um að leggja meiri áherslu á starfsmannamál. Hefur verið unnið samkvæmt því. Flugstöðir er þekkingarfyrirtæki sem á tilveru sína undir þekkingaruppbyggingu og innleiðingu tækniþróunar og það gerist ekki nema með öflugri starfsmannastefnu.

Afstaða Flugstöða ohf. til Reykjavíkurflugvallar er skýr. Hann er mikilvægur hlekkur í flugsamgöngukerfi landsmanna, fyrst og fremst sem miðpunktur innanlandsflugsamgangna og sem varaflugvöllur millilandaflugs. Flugstöðum var af fyrirverandi samgönguráðherra falið að undirbúa byggingu samgöngumiðstöðvar og hefur félagið gert ítarlegar tillögur og rekstrarlíkan fyrir samgöngumiðstöð sem þjónað geti bæði land- og flugsamgöngum við höfuðborgina, óháð því hvort flugvöllurinn verði í Vatnsmýri eða ekki. Tillögurnar hafa legið fyrir síðan í október 2007 en því miður ríkir nokkur óvissa um verkefnið, m.a. vegna skipulagsmála Reykjavíkurborgar.

Á þessum aðalfundi eru til umfjöllunar og afgreiðslu ársreikningur móðurfélagsins Flugstöða ohf. annars vegar og samstæðu-reikningur Flugstöða ohf. hins vegar þar sem tekið er tillit til afkomu tveggja dótturfélaga, Flugfjarskipta ehf., sem Flugstöðir eiga alfarið, og Flugkerfa hf. (Tern Systems) þar sem Flugstöðir eiga 72% hlut.

Tap varð á reglulegri starfsemi samstæðunnar sem er óviðunandi til lengri tíma lítið. Tapið er þó minna en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist af miklu aðhaldi í rekstri. Rétt er að taka fram að í rekstraráætlunum fyrir félagið

var gert ráð fyrir að tap yrði af reglulegri starfsemi fyrstu þrjú rekstrarár Flugstöða og var þar um meðvitaða ákvörðun eiganda félagsins að ræða. Þó skal vakin athygli á ábendingu endurskoðanda félagsins þess efnis að afkoma félaganna byggist á söluhagnaði hjá Flugfjarskiptum ehf. og fjármagnstekjum móðurfélagsins. Það er verkefni stjórnenda, stjórnar og eiganda félagsins að skapa félaginu þær aðstæður að afkoma þess verði viðunandi.

Nauðsynlegt er að víkja að kjaraviðræðum sem standa yfir en þar lýsir stjórn félagsins áhyggjum af miklum launakröfum flugumferðarstjóra. Gefa yfirstandandi viðræður ekki ástæðu til bjartsýni um ásættanlegar og átakalausar lýktir mála. Afkoma og rekstraráætlanir félagsins sýna að svigrúm Flugstöða til hækkingar umfram það, sem bæði opinberir starfsmenn og almennur vinnumarkaður hefur náð samkomulagi um, er ekki til staðar.

Umsvif Flugstöða voru mikil á síðasta ári. Hafa aldrei farið fleiri flugvélar um flugstjórnarsvæði félagsins, bæði í millilandaflugi sem og innanlands. Vöxtur á þessum sviðum leiðir til aukinna umsvifa félagsins. Þó ríkir nokkur óvissa um framvindu mála á vissum sviðum. Miklar hækkningar á eldsneytisverði

og samdráttur í efnahagskerfi heimsins hafa nú þegar leitt til fækkunar flugferða ýmissa flugrekenda og líkur eru á að svo verði einnig hjá t.d. Icelandair. Gangi það eftir er tekjusaðráttur Flugstöða fyrirsjáanlegur án þess að tilkostnaður lækki.

Á næstu mánuðum eru fyrirsjáanlegar breytingar á Joint Financing samningnum sem hafa munu áhrif í rekstrarumhverfi Flugstöða. Þær fela í sér breytingar á fyrirkomulagi gjaldtöku félagsins fyrir flugumferðarþjónustu á Norður-Atlantshafi til samræmis við alþjóðlegar reglur og munu leiða til þess að dýrara verður en áður að fljúga um íslenska úthafssvæðið. Til að bregðast við þessu er nauðsynlegt að hámarka gæði þjónustu Flugstöða og gæta að kostnaði. Ekki verður hjá því lítið að flugrekendur hafa í vaxandi mæli þrýst á að íslenska úthafssvæðinu verði skipt og flugumferðarstjórn þar falin öðrum aðilum. Það hefði í för með sér mikinn tekjumissi fyrir Ísland og aflagningu verðmætra starfa og starfsemi. Félagið vinnur að því af fremsta megni að tryggja stöðu Íslands og einn liður í þeirri viðleitni er samstarf við Írland á fjarskiptasviði sem talið er að muni reynast báðum heilladrjúgt. Einnig hafa verið sviptingar í þeim erlendu verkefnum sem félagið tekur þátt í, t.d. í Kosovo.

Þetta stutta yfirlit um starfsemi Flugstöða sýnir að verkefni eru bæði mörg og fjölbætt og næg verkefni fram undan til að takast á við. Skipulag flugmála hefur breyst mikið á undanförunum árum og er líklegt að svo verði áfram á komandi árum. Við þurfum að vera vakandi yfir því að skipulag og starfsemi Flugstöða hæfi því umhverfi sem við búum við hverju sinni.

Það er von stjórnar að félagið haldi áfram á þeirri braut sem þetta fyrsta rekstrarár gaf fyrirheit um og verði þátttakandi í og leggi mikið af mörkum til að efla flugmál á Íslandi með því að nýta þau tækifæri sem eru til staðar með þeirri þekkingu sem við búum yfir. Stjórn félagsins þakkar stjórnendum og öllu starfsfólki vel unnin störf á liðnu starfsári.



Þorgeir Pálsson
forstjóri

Skýrsla forstjóra

Fyrsta starfsár Flugstoða var um margt mjög sérstakt, nú þegar lítið er um öxl. Starfsemi, sem verið hafði á forræði ríkisstofnunar um meira en hálfri aldar skeið undir yfirstjórn samgönguráðherra, að hlutverki Flugráðs ógleymdu, fluttist til hlutafélags með fjölskipaða stjórn. Starfsmenn hófu árið með nokkrum væntingum um að miklar breytingar yrðu á rekstrarumhverfinu en í reynd hélt starfsemin áfram í sínum hefðbundna farvegi eins og reyndar var til ætlast af hálfu stjórnvalda. Tiltölulega lítil ytri breyting varð á starfseminni enda hafði flutningur flugöryggissviðs í Skógarhlíð nokkrum árum fyrir í raun verið eins konar skilnaður að borði og sæng þótt hjónabandið væri enn lögformlega til staðar. Helsta áþreifanlega breytingin var því sú að nokkrir lykilstarfsmenn, einkum af skrifstofu flugmálastjóra, fluttu sig um set úr Turninum upp í Skógarhlíð og ný stjórn fyrirtækisins tók til starfa. Nokkrir hnökror urðu á

starfseminni í byrjun árs vegna þess að allstór hópur flugumferðarstjóra hafði ekki viljað ráða sig til fyrirtækisins fyrir áramótin. Eftir nokkurt þóf leystust þó málin og á fjórða degi komst starfsemin í eðlilegt horf. Er ljóst að allir starfsmenn voru þegar í upphafi einhuga um að vinna að uppgangi hins nýja félags. Þeir voru alls 216 í ársbyrjun og fjölgaði aðeins um þrjá á árinu. Má segja að á þessu fyrsta ári hafi vel tekist að koma á þeirri nýskipan sem stjórnvöld stefndu að þótt vissulega hafi það ekki gerst án nokkurra umbrota.

Hefðbundin leið til að meta hvernig til hefur tekist er að fara yfir helstu niðurstöður ársreikningsins. Í reynd er um tvo reikninga að ræða, þ.e. ársreikning móðurfélagsins Flugstoða ohf. og samstæðureikning, þar sem tekið er tillit til afkomu tveggja dótturfélaga, þ.e.a.s. Flugkerfa (TERN Systems) og Flugfjarskipta.

Fjárhagsleg afkoma

Tekjur samstæðunnar voru á árinu 2007

alls 4,25 milljarðar kr. en rekstrargjöld 3,87 milljarðar kr. Þá voru fjármunatekjur tæplega 120 mkr. Hagnaður fyrir tekjuskatt var því um 493 mkr., sem almennt teldist frábær árangur. Ekki er þó allt sem sýnist, því nánast allur þessi hagnaður er til kominn vegna eignasölu Flugfjarskipta á mannvirkjum, búnaði og landréttindum á Rjúpnahæð. Á móti kemur að fyrirtækið þarf í framtíðinni að fjárfesta í nýrri sendistöð, sem sett verður upp á heppilegum stað á landinu. Þar til því verki er lokið munu Flugfjarskipti njóta aðstöðu í fjarskiptastöð Bandaríkjahers við Grindavík.

Afkoma móðurfélagsins, Flugstoða ohf., er reyndar neikvæð sem nemur 51 m.kr. fyrir skatta. Þetta kemur ekki á óvart því í raun hafði verið búist við nær tvöfalt meira tapi, sem skyldi mætt með því að ganga á eigið fé fyrirtækisins. Það sem er þó áhyggjuatriði er hve mikill munur er á afkomu einstakra afkomueininga. Þannig var rekstur innanlands-samgöngukerfisins rekinn með 133 mkr. halla á sama tíma og hagnaður af rekstri alþjóða-

flugþjónustunnar og verkefnum fyrirtækisins í Kosovo var 62 mkr. Slíkar niðurgreiðslur milli afkomueininga geta ekki gengið til lengdar. Niðurstaðan er þó sú að afkoma félagsins árið 2007 sé eftir atvikum viðunandi. Hún hefur þó aðeins náðst með miklu aðhaldi, sem m.a. kemur fram í því að starfsmönnum fjölgaði aðeins um þrjá þrátt fyrir mörg ný og vaxandi verkefni. Eins og fram kom í skýrslu stjórnarformanns benti ríkisendurskoðandi sérstaklega á að ekki væri viðunandi að tap væri á reglulegum rekstri félagsins til lengri tíma lítið.

Rekstur innanlandssamgöngukerfisins

Innanlandsflugið náði sögulegu hámarki á árinu 2007. Alls fóru um 932 þúsund farþegar í innanlandsflugi um flugvallakerfi Flugstoða og fjölgaði um tæp 10% frá fyrra ári. Farþegar í millilandaflugi urðu rúmlega 70 þúsund og höfðu aldrei verið fleiri. Flugvallakerfið tók enn og aftur við þessari auknu umferð möglunarlaust og með lítilli aukningu á tilkostnaði. Unnið hefur verið að margvíslegum

endurbótum á flugsamgöngukerfinu. Hæst ber stækkun flugstöðvarinnar á Egilsstöðum, undirbúningur að lengingu Akureyrarflugvallar og endurbætt aðflug að þeim flugvelli. Þá er verið að kanna allar leiðir til að koma á flugi við næturskilyrði til Þingeyrar. Um Reykjavíkflugvöll og samgöngumiðstöð er fjallað í skýrslu stjórnar.

Rekstur alþjóðaflugþjónustunnar

Flug í hinu alþjóðlega loftrými, sem Flugstoðir stjórna í samræmi við samninginn um alþjóðaflugþjónustuna, náði einnig nýjum hæðum. Fjöldi flugvéla sem kom inn í þetta loftrými náði í fyrsta sinn 100 þús. markinu, sem menn höfðu beðið lengi eftir. Starfsmenn tóku þessu aukna álagi vel enda skynja þeir að framtíð starfseminnar er undir því komin að við höldum og aukum hlutdeild okkar í þjónustunni við flugið á Norður-Atlantshafi. Þetta mun ekki hvað síst vera mikilvægt þegar aðeins þeir sem njóta þjónustunnar borga fyrir hana. Jafnframt er mikilvægt að kerfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar, þ.m.t. mann-

aflinn, hafi næga afkastagetu til að sinna auknu álagi. Sérstaklega er athyglisvert að umferð um norðurhluta N-Atlantshafsins hefur nú um nokkurt skeið vaxið hlutfallslega meira en gerist sunnar á hafinu. Þetta þjónar augljóslega íslenskum hagsmunum vel þegar lítið er til framtíðar.

Starfsleyfi

Með uppskiptingu stjórnisýslu- og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hafa komið fram nýjar kröfur og vinnuáðferðir. Á sama tíma hafa nýjar reglugerðir og tilskipanir, bæði á sviði flugleiðsögu og í flugvallarekstri, komið á færibandi frá Evrópusambandinu innan ramma EES samningsins. Gríðarlega mikil vinna hófst á síðastliðnu ári við að færa starfsemi Flugstoða í nýjan búning í samræmi við þessar nýju kröfur. Hefur þetta valdið miklu annríki hjá starfsmönnum á sviði gæða- og öryggismála, sem hafa unnið mjög náið saman að þessum málum. Á sama tíma hafa samskiptin við Flugmálastjórn vegna starfsleyfa fyrir þjónustustarfsemina verið að þróast.



Skýrsla forstjóra

Hefur mikið og gott starf verið unnið af báðum aðilum til að finna ásætlanlegar leiðir í þessum flókna málaflökki, þar sem verið er að plægja nýjan akur. Enn er þó margt ógert. Má reikna með að vinnu við að koma á starfsleyfi fyrir flugleiðsöguþjónustuna til frambúðar verði ekki lokið fyrr en í lok yfirstandandi árs.

Þjónustusamningurinn

Á síðastliðnu ári unnu menn að því að útfæra nánar aðferðir við framkvæmd þjónustusamningsins milli samgönguráðuneytisins og Flugstoða. Það er mitt mat að margt hafi vel tekist í þessari þróun þótt vissulega þurfi enn að taka til hendinni. Mikilvægt er að stjórnun samningsins sé einföld og kalli ekki á mikla vinnu og fundarhöld eingöngu í því skyni. Starfsemi Flugstoða er svo gagnsæ gagnvart samgönguráðuneytinu að ekki á að vera þörf á því að margir aðilar hafi eftirlit með þessari framkvæmd. Sjálfur samningurinn er nú einnig til skoðunar efnislega, þar sem hann verður endurnýjaður í lok yfirstandandi árs. Í því sambandi verður mikilvægt að endurskoða fjárhagsleg markmið hans. Er það skoðun mín að markmiðið eigi að vera að Flugstoðir endurheimti þann kostnað, sem felst í að reka innanlandssamgöngukerfið. Engin forsenda er fyrir því í núverandi umhverfi að fyrirtækið

geti tekið áhættu af þessum rekstri. Slíkt hlyti að kalla á að félagið hefði umtalsverðan hagnað við eðlileg rekstrarskilyrði til að geta mætt tapi mögru árána. Gott dæmi um samning af þessu tagi er samningurinn um alþjóðaflugþjónustuna, sem hefur verið við lýði í sextíu ár og reynst vel. Enginn vandi er að finna eðlilega hvata í slíkum samningi til hagkvæmni og aðhalds í rekstri.

Erlent samstarf

Flugið er í eðli sínu alþjóðlegt. Þetta á jafnt við um rekstur flugleiðsöguþjónustu og flugvalla. Því er lífsnauðsyn fyrir Flugstoðir að vera í nánú sambandi við umheiminn, bæði systurfyrirtæki, sem fást við samskonar viðfangsefni, sem og alþjóðlegar stofnanir, sem eru vettvangur umræðunnar um nýjar leiðir og kröfur. Það er reynsla annarra ríkja, sem hafa skipt upp sínum flugmálastjórnnum að þörfin fyrir þátttöku í alþjóðlegum samskiptum eykst. Flugstoðir gerðust á sl. ári aðilar að CANSO, sem er heimssamtök fyrirtækja og stofnana, sem veita flugleiðsöguþjónustu. Þá tóku Flugstoðir við aðild að samstarfi Norðurlandanna á sama sviði, en þetta samstarf hefur verið útvíkkað með aðild írsku flugmálastjórnarinnar og eistneska flugstjórnarfélagins. Þá hefur aðkoma

félagins að NAT/SPG haldist nánast óbreytt enda er sú stofnun hornsteinninn fyrir flugleiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi. Ágætt samstarf er við Flugmálastjórn um þróun þessara mála enda eiga báðir aðilar hagsmuna að gæta. Sama má segja um samskiptin við Alþjóðaflugmálastofnunina vegna framkvæmdar samningsins um alþjóðaflugþjónustuna, sem Flugstoðir annast samkvæmt þjónustusamningnum.

Erlent samstarf um rekstur flugvalla er ekki eins vel skilgreint og á sviði flugleiðsöguþjónustu. Náin samvinna er þó við systurfyrirtækini á Norðurlöndunum. Verkefnið í Kosovo er reyndar einstakt í sinni röð. Það er að hluta til eins og hvert annað þjónustuverkefni, en felur jafnframt í sér mikla alþjóðlega samvinnu. Þar hefur verið unnið mikið stórvirki, sem er öllum þeim sem að því komu fyrir hönd Íslands til mikils sóma.

Þróunar- og umhverfismál

Starfsemi Flugstoða byggir á þekkingu starfsliðsins og þeirri aðstöðu, gögnum og búnaði, sem félagið býr yfir. Því er grundvallaratriði að þessari þekkingu sé við haldið og við hana bætt. Þetta á ekki síst við í þeirri hröðu þróun, sem orðin er á öllum sviðum í rekstri

flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Á undanförunum misserum hefur ekki gefist nægur tími til að sinna þessum þætti vegna mikilla anna, sem hér hefur áður verið dregið á. En þetta ástand má ekki verða viðvarandi því þá er hættu á ferðum. Flugstoðum standa til boða ýmiss konar tækifæri, sem ekki má láta fram hjá sér fara. Þar má nefna SESAR verkefni Evrópusambandsins á sviði flugleiðsöguþjónustu og samstarf við erlend fyrirtæki á sviði flugleiðsögu og fjarskipta. Þá hefur verið unnið að undirbúningi rannsóknarverkefna á sviði umhverfismála, sem eru þýðingarmikil til að koma Flugstoðum á blað í þeim mikilvæga málaflökki. Á sama hátt eru mörg verðug viðfangsefni á sviði flugvallareksturs, að Hólmsheiði ógleymdri.

Megináherslur

Mörg verðug viðfangsefni bíða úrlausnar hjá Flugstoðum um þessar mundir. Enn er margt óunnið vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skipulagi starfseminnar. Helstu verkefni sem fyrir liggja á yfirstandandi ári og í náinni framtíð eru þessi:

Frekari útfærsla á stefnu fyrirtækisins í breytingaráætlunum og rekstrarkerfum og með nýrri stefnu og áherslu á sviði mannaúts.

Lúkning á vinnu til að hljóta varanleg starfsleyfi í samræmi við síauknar kröfur til reksturs flugvalla og flugleiðsöguþjónustu.

Nýr þjónustusamningur, sem byggist á að innlenda samgöngukerfið sé rekið með eðlilegri endurheimtu þess kostnaðar, sem þjónustan hefur í för með sér.

- Gjöld fyrir veitta þjónustu komi í stað skatta og leitað verði að nýjum tekjstofnum til að bæta afkomuna með það að leiðarljósi að flugsamgöngukerfið verði sjálfbært að svo miklu leyti, sem slíkt er raunhæft.
- Tengsl við notendur verði eflid til að tryggja að þjónusta Flugstoða sé í takt við þarftir flugsamgöngukerfisins og viðskiptavini fyrirtækisins.
- Rannsóknir og þekkingarleit verði stórefldar og nýjungum á sviði flugleiðsögu fylgt eftir með öflugum framkvæmdaverkefnum.
- Hlutverk Flugstoða í rekstri Keflavíkurflugvallar verði skilgreint í samvinnu við samgönguráðuneytið.
- Bygging samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri.

Ein forsenda þess að ná árangri í þessum og

öðrum mikilvægum viðfangsefnum er að fyrirtækið geti ráðið til sín fleiri hæfa stjórnendur og sérfræðinga. Ekki dugar að gera auknar kröfur til starfseminnar nema fyrir hendi sé sá mannaúður, sem þarf til að sinna hinum fjölmörgu sérhæfðu verkefnum, sem nútímaflugsamgöngur byggjast á.

Að lokum færi ég stjórnarformanni og stjórn allri þakkir fyrir ágætt samstarf sem eðli máls samkvæmt hefur verið að þróast stig af stigi í nýju rekstrarumhverfi. Samstarf við samgönguráðuneytið hefur verið gott hvort heldur sem það hefur komið fram í hlutverki kröfuharðs viðskiptavinar eða sem fulltrúi eiganda félagins. Samhugur starfsmanna Flugstoða hefur verið frábær. Þetta hefur komið fram bæði í starfi og félagslífi, sem hefur verið með miklum ágætum. Fyrsta ár hins nýja félags hefur því verið viðburðaríkt, en væntanlega eru mestu erfiðleikarnir að baki og við getum horft björtum augum til reksturs Flugstoða á komandi árum.



Sigrún Traustadóttir
framkvæmdastjóri fjármála- og
stjórnunarsviðs

Fjármála- og stjórnunarsvið

Fjármála- og stjórnunarsvið ber ábyrgð á fjárreiðum Flugstöða, annast bókhald og uppgjör reikninga, samræmingu fjárhagsáætlana sviða og heldur utan um fjárhagslegan þátt þjónustu samnings fyrirtækisins við sam göngu ráðu neytið. Einnig annast fjármála- og stjórn unarsvið áætlanagerð og uppgjör vegna Alþjóðaflug þjónustunnar, tölfraðileg gögn og hag tölur sem varða starfsemi Flugstöða, kerfis þjónustu og starfsmannahald.

Innan fjármála- og stjórnunarsviðs starfa 23 starfsmenn í fimm deildum: fjárreiðudeild, bókhaldsdeild, starfs manna hald, hagdeild og kerfisþjónusta

Breytingar

Á fyrsta starfsári Flugstöða ohf, einkenndist starfsemi fjármála- og stjórnunarsviðs af þeim

breyt ingum sem urðu um áramótin og aðlögun að nýju um hverfi. Meðal annars voru gerðir ráðningar samningar við starfsmenn sem þegið höfðu starf hjá Flugstöðum ohf., alls 217 manns. Á vegum starfsmannahalds var m.a. inn leitt nýtt starfsmanna- og launakerfi og unnið að mótnun og þróun starfsmannastefnu hins nýja fyrirtækis.

Á vegum fjárreiðu- og bókhaldsdeildar var fjárreiðum skipt upp milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugstöða ohf. eftir að stofnefnahags reikningur lá fyrir. Ennfremur var bók halds kerfið Navision uppfært og unnið að að lögun og endur bótum á kerfinu. Þá má geta vinnu við kostnaðar greiningu þjónustubátta sem Flugstöðir veita og stuðst verður við í framtíðar uppbyggingu gjaldskrár fyrirtækisins. Fjármála- og stjórnunarsvið var leiðandi í þessari vinnu. Loks er að geta þjónustu samnings, sem kerfisþjónusta Flugstöða gerði við Flugmálastjórn Íslands um rekstur og þjónustu við almenn tölvakerfi Flugmálastjórnar.

Stjórnun samninga

Fjármála- og stjórnunarsvið annast utanumhald um þjónustusamning fyrirtækisins við samgönguráðuneytið.

Þá sér sviðið um samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina vegna samningsins um flugleiðsöguþjónustu yfir Norður-Atlantshafi.

Árlegir samráðsfundir

Haldinn var samráðsfundur með viðskipta vinum Flugstöða vegna Alþjóðaflug þjónustunnar. Um er að ræða árlegan samráðs fund, þar sem farið er yfir fjárhagsleg mál efni, svo sem uppgjör fyrra árs, horfurnar fram undan og áætlun fyrir næsta ár. Jafnframt er farið yfir áætluð notendagjöld fyrir næsta ár, þróun flugumferðar og fleira, sem tengist veitingu þessarar þjónustu á Norður-Atlantshafi. Fundirnir eru haldnir til skiptis á Íslandi og í Danmörku, þar sem hann var haldinn árið 2007.

Haukur Hauksson

framkvæmdastjóri flugvalla- og leiðsögu sviðs

Flugvalla- og leiðsögu svið

Á skrifstofu flugvalla- og leiðsögu sviðs í Reykjavík starfa sextán manns. Við rekstur, viðhald og framkvæmdir á flugvöllum starfa um sjötíu manns víðs vegar um landið.

Rekstrarmál

Nýjar reglugerðir og alþjóðlegar kröfur hafa í för með sér aukinn rekstur á sviði gæða- eftirlits og flugverndar. Á árinu 2007 var sem áður unnið að gerð handbóka og annarra gagna fyrir flugvelli og leiðsöguþjónustu, sem nauðsynleg eru vegna starfsleyfa fyrir flugvelli og flugleiðsöguþjónustu. Flugverndarnámskeið voru haldin fyrir starfsmenn fyrirtækja er starfa á alþjóðaflugvöllum og hafa nú hátt í þúsund manns sótt þessi námskeið á vegum Flugstöða. Þá var haldið áfram innleiðingu ört vaxandi krafna á sviði flugverndar.

Framkvæmdir

Reykjavíkflugvöllur Flugstöðir tók þátt í vinnu við undirbúning að samgöngumiðstöð á Reykjavíkflugvelli, en undirbúningur hennar er á vegum sérstakrar stýrinfundar undir stjórn Flugstöða.

Fjarlægðarmæliviti var keyptur til endurbóta

á blindaflugskerfi flugvallarins. Endurbætur fóru fram á byggingu og flughlaði skýlis 3 á flugvellinum.

Akureyrarflugvöllur

Akbrautir flugvéla á Akureyrarflugvelli hafa verið endurbættar og breikkaðar. Einnig var bílastæðum við flugstöðina fjölgað. Á árinu voru aðflugsljós endurbætt og fjarlægðarmæliviti keyptur.

Í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um að flýta lengingu flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli, endurnýjunar á malbiksyfirlagi brautarinnar auk endurbóta á blindaflugsbúnaði, hefur verið ráðist í frágang á fullnaðarhönnun framkvæmdanna, gerð endanlegrar kostnaðar- áætlunar og gerð útboðsgagna. Flugbrautin verður lengd um 460 m til suðurs auk þess sem gert verður sérstakt 150 m öryggissvæði við báða enda brautarinnar. Flugbrautin verður öll kýfð í samræmi við alþjóðlega staðla og lögð malbiksyfirlagi.

Egilsstaðaflugvöllur

Framkvæmdir við stækkun flugstöðvar Egilsstaðaflugvallar héldu áfram á árinu og lauk í desember. Byggt hefur verið um 500 m² viðbygging sem leysa mun úr brýnum húsnæðisþrengslum og tryggja betur flugvernd á álags- tímum þegar afgreiddar eru samtímis vélar í innanlands- og millilandaflugi. Vararafstöð var endurnýjuð á árinu til að anna auknu álagi.

Flugvellir á Íslandi

Umdæmi			
Suður- og Vesturland	Vestfirðir	Norðurland	Austurland
Áætlunarflugvellir			
Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir
Vestm.eyjar	Þingeyri	Sauðárkrúkur	Hornafjörður
Bakki	Gjögur	Grimsey	Vopnafjörður
	Bíldudalur	Þórshöfn	
Flugbrautir með bundnu slitlagi			
Rif	Patreks.fj	Húsavík	
St. Kroppur		Siglufjörður	
		Reykjahlíð	
Flugbrautir með malarslitlagi			
Búardalur	Arng.eyri	Blönduós	Borgarfj.eystri
Dagverðará	Hólmavík	Grimstaðir	Breiðdalsvík
Flúðir	Reykholar	Herðub.lindir	Djúpvogur
Húsafell	Reykjanes	Kópasker	Fagurhólsmýri
Hveravellir		Melg.melar	Norðfjörður
Kerlingarfjöll		Krókst.melar	
Kirkjub.klstr		Raufarhöfn	
Þórsmörk			
Nýji Dalur			
Sandskeið			
Skálavatn			
Skógars.			
Sprengis.			
Stykkish.			
Vík			
Flugbrautir með grasyfirborði			
Hella			
Kaldármelar			

Vestmannaeyjaflugvöllur

Unnið var að endurnýjun hindranaljósa og aðflugshallaljósa auk endretningar á flugvallarljósvita, blikkvitum á flugbrautarenda og leiðarlýsingu úr vestri að flugbrautarenda. Öryggissvæði voru endurbætt á forgangssvæðum í samræmi við kröfur flugvalla-reglugerðar.

Sandskeiðsflugvöllur

Lokið var við gerð 800 m langrar flugbrautar með klæðningu, sem nýtist fyrir snertilendingar. Léttir brautin mjög álagi af Reykjavíkflugvelli vegna flugs af þessu tagi.

Viðhaldsframkvæmdir annarra flugvalla

Reglubundið eftirlit og viðhald fór fram á byggingum og flugbrautum áætlunarflugvalla og annarra flugvalla sem nýtast flugumferð, svo sem sjúkrafugi og ferðarþjónusta.

Vélbúnaður

Keypt var bifreið með vopnaleitarbúnaði í pallhúsi til notkunar á Reykjavíkflugvelli vegna aðstöðuleysis í núverandi flugstöðvarbyggingu. Einnig var öflugur snjóbílastari keyptur fyrir flugvöllinn. Afkastamikill snjó-sópur var keyptur fyrir Akureyrarflugvöll. Gerður var samningur við Þórshafnarhrepp um sameiginleg kaup á slökkvibifreið fyrir flugvöllinn þar.



Brandur Guðmundsson
framkvæmdastjóri



Bynjar Arnarson
framkvæmdastjóri

Flugfjarskipti ehf. Gannet ATS Com

Yfirlit

Flugfjarskipti ehf., dótturfyrirtæki Flugstöða, rekur fjarskiptastöðina í Gufunesi sem um árábil var rekin af Landssíma Íslands. Frá Gufunesi er alþjóðaflugi yfir Norður-Atlantshafi veitt fjarskiptaþjónusta. Aðallega er um að ræða talviðskipti en einnig bjóða Flugfjarskipti upp á gagnaviðskipti við flugvélar í samstarfi við bandaríska fjarskiptafyrirtækið ARINC. Flugfjarskipti reka stjórnstöð AFTN/CIDIN skeytadreifkerfisins fyrir Ísland. Kerfið er liður í alþjóðlegu skilaboðakerfi og tengist sambærilegum kerfum í Bretlandi, Noregi, Grænlandi og Kanada. AFTN/CIDIN kerfið er notað til skeytadreifingar fyrir flugtengda starfsemi bæði innanlands og utan. Þá sinna Flugfjarskipti einnig tæknilegum rekstri á fjarskiptakerfi Vaktstöðvar siglinga samkvæmt samningi við Neyðarlínuna. Undir þann flokk fellur bæði fjarskiptakerfi til talviðskipta við skip og báta umhverfis Ísland sem og sjálfvirka tilkynningakerfið.

Samstarf fjarskiptastöðvanna í Gufunesi og Shanwick á Írlandi

Á árinu 2007 voru afgreidd um 547 þúsund skeyti á talviðskiptum við flugvélar en um 480 þúsund skeyti árið áður. Um 65% af viðskiptunum fóru fram á Very high frequency (VHF) tíðnum, um 38% á High frequency (HF) tíðnum en innan við 1% um gervi-hnattasíma. Flugmenn kjósa að nota VHF tíðnir til fjarskipta fram yfir HF tíðnir því talgæði eru yfirleitt mun betri á VHF tíðnum. Takmörk VHF viðskipta eru að þau hafa aðeins sjónlínulangdrægi. Vegna þessa reka Flugfjarskipti VHF senda og móttökustöðvar á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Landfræðileg staðsetning þessa búnaðar veitir Flugfjarskiptum sérstöðu í veitingu á VHF þjónustu umfram aðra veitendur fjarskiptaþjónustu á Norður-Atlantshafi. Flugstöðir og flugmálafyrirvöld á Írlandi (IAA) hafa gert samstarfssamning um samrekstur fjarskiptaþjónustu í írsku (Shanwick) og íslensku (Reykjavík og Söndeström) flugstjórnarsvæðunum. Grundvöllur samstarfsins er að fjarskiptastöðvarnar tvær virki sem ein heild séð frá notendum, hvort sem það eru flugmenn eða flugstjórnarmiðstöðvar. Með þessu gefst kostur á að hækka þjónustustig en á sama tíma að ná fram hagræðingu í rekstri. Stórt skref í samstarfinu var stigið í mars 2007 þegar áfangi I var tekinn í notkun að

undangengnum prófunum í 10 mánuði. Þá höfðu upplýsingakerfi beggja stöðvanna verið samtengd þannig að allar upplýsingar um flugvélar innan írsku flugstjórnarsvæðisins eru til hjá Flugfjarskiptum og öfugt. Í áfanga II er stefnt að því að stöðvarnar geti nýtt senda og móttakara hvor frá annarri og allur búnaður sé einsleitur.

Á varnarsvæðinu við Grindavík

Í febrúar var tekið í notkun nýtt AFTN/CIDIN skeytadreifkerfi. Kerfið var hannað af Tern Systems í samstarfi við starfsmenn Flugfjarskipta. Á árinu var einnig unnið að því að flytja HF fjarskiptastöð Flugfjarskipta af Rjúpnahæð, í landi Kópavogs og Garðabæjar. Fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins var gert samkomulag við Bandaríkjaher um samnýtingu á varnarsvæðinu við Grindavík þar sem herinn hefur um áráðir rekið sendistöð. Fyrstu sendingar frá nýja staðnum hófust seint á árinu.

Á árinu var gengið frá samkomulagi við ATS skóla Flugstöða um að taka yfir umsjón með námi fyrir flugafgreiðslumenn. Kennarar koma úr starfslíði Flugfjarskipta og var fyrsta námskeiðið haldið síðastliðið haust þegar 6 nýir nemar í flugfjarskiptum hófu nám. Í desember lauk bóklega þætti námsins og hófst þá verkleg þjálfun þeirra í Gufunesi.

Flugkerfi hf. Tern Systems

Líkt og fyrri ár eru Flugstöðir og Flugfjarskipti stærstu viðskiptavinir félagsins á Íslandi. Mikill árangur náðist í samstarfi með báðum þessum fyrirtækjum, svo sem á sviði hins nýja AFTN skeytarofa sem tekinn var í notkun á árinu 2007. Einnig hefur mikill og ánægjulegur árangur orðið af samstarfi um innleiðingu á næstu tæknisvæðingum flugstjórnartækni, svo nefndrar FAS-1/A tækni.

Árið 2007 einkenndist af miklum umsvifum á sviði útrásarverkefna, bæði framkvæmd verkefna erlendis og áherslu á sölu- og markaðsmál á erlendum mörkuðum.

Alþjóðlegir samningar

Í lok árs 2005 gerðu Flugkerfi samning í Suður-Kóreu um sölu á flugstjórnarkerfi fyrir þriðja stærsta flugvöll landsins á Jeju eyju. Kerfið annast aðflug og turnflugumferðarstjórn fyrir alþjóðaflugvöllinn í Jeju og þjónar auk þess hlutverki varakerfis fyrir aðflugsstjórnarmiðstöðina í Suður-Kóreu. Heildarverðmæti samningsins er á fjórða hundrað milljónir króna. Hefur innleiðing kerfisins verið samþykkt af verkkaupa.

Á árinu 2007 var undirritaður samningur við Inster Instalaciones S.A. á Spáni um sölu á AFTN samskiptakerfi fyrir Indónesíu. Söluverðmæti samningsins er um fjöru milljónir króna. Kerfið hefur verið samþykkt til notkunar af endaviðskiptavinum BASARNAS og stendur uppsetning kerfisins yfir. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir árslok 2008.

Ennfremur hafa flugmálafyrirvöld Sýrlands valið tæknilausnir frá Flugkerfum fyrir þrjá flugvelli þar í landi. Gert er ráð fyrir að því verkefni ljúki einnig fyrir árslok 2008. Verðmæti samningsins er um fimmtíu milljónir króna.

Verkefni Flugkerfa í Suður-Kóreu hafa ómetanlegt gildi fyrir félagið. Félagið hefur nú fullþróaða vöru að bjóða, sem er fullkomlega samkeppnishæf á erlendum mörkuðum. Fyrirtækið bíður um þessar mundir eftir niðurstöðum í útboðum sem fyrirtækið hefur tekið þátt í vegna óska um tæknilausnir fyrir ýmsa flugvelli erlendis.

Markaðsstarf skilar árangri

Ljóst er að aukin áhersla á öflugt sölu- og markaðsstarf Flugkerfa er að skila árangri með eflingu þeirrar deildar hjá fyrirtækinu. Helsta reynslan af þrotlausu starfi deildarinnar felst í þolinmæði, þolinmæði og aftur þolinmæði. Á flestum mörkuðum, þar sem Flugkerfi taka þátt í samkeppni um verkefni,

er algengt að útboðsferli taki allt að tveimur árum áður en endanleg niðurstaða fæst vegna breytinga, endurskoðunar og endurútboða. Mat félagsins er að sú reynsla sem aflað hefur verið af markaðsstarfi erlendis sé afar verðmæt og sé að skila góðum árangri.

Flugkerfi hf. voru stofnuð 16. september 1997 og var árið 2007 því tíunda heila starfsár félagsins.



Ársreikningar

Flugstöðir ohf.		Flugstöðir ohf. – samstæða	
20	Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	28	Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings
20	Áritun endurskoðenda	28	Áritun endurskoðenda
21	Rekstrarreikningur	29	Rekstrarreikningur
22	Efnahagsreikningur	30	Efnahagsreikningur
23	Sjóðstreymi	31	Sjóðstreymi
24	Skýringar	32	Skýringar

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings Flugstoða ohf.

Ársreikningur Flugstoða ohf. fyrir árið 2007 er saminn í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um gerð og framsetningu ársreikninga. Alþingi samþykkti 13. júní 2006 lög nr. 102/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmála-stjórnar Íslands. Tilgangur félagsins er að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, rekstur og uppbyggingu flugvalla og aðra skylda starfsemi. Flugstoðir hófu rekstur 1. janúar 2007. Félagið á tvö dótturfélög, Flugfjarskipti ehf og Flugkerfi hf. Jafnframt uppgjóri fyrir móðurfélagið er gert sérstakt uppgjör fyrir samstæðuna.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2007 413,2 m.kr. Af hagnaði ársins eru 41 m.kr. lagðar í lögbundinn varasjóð og hagnaðurinn að öðru leyti fluttur á óráðstafað eigið fé. Hrein eign félagsins í árslok er jákvæð um 1.899,4 m.kr. er þá með talið hlutafé að fjárhæð 1.579,1 m.kr.

Hagnaðurinn er tilkominn vegna sölu dótturfélagsins Flugfjarskipta ehf. á leigurétti og fasteign á Rjúpnahæð en áhrif þessara viðskipta færast sem hluteildartekjur í ársreikningi Flugstoða.

Hlutafé í árslok 2007 nam 1.579,1 m.kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2008 vegna rekstrar á árinu 2007.

Stjórn og framkvæmdastjóri Flugstoða ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. maí 2008

Stjórn



Ólafur Sveinsson
formaður



Gunnar Finnsson



Hilmar B. Baldursson



Arnbjörg Sveinsdóttir



Sæunn Stefánsdóttir



Þorgeir Pálsson
forstjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Flugstoða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Flugstoða ohf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

